

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Umsoðn Vakandi: fumvarp um breytingar á lögum um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), mál 647 á 149. löggjafarþingi.

Vakandi eru samtök sem vilja stuðla að vitundarvakningu um sóun matvæla og bætri velferð dýra við matvælaframleiðslu.

Sóun á sér stað á öllum stigum: hjá framleiðendum, í verslunum, hjá neytendum og víðar. Vakandi telur það vera samfélagslegu ábyrgð okkar allra að stemma stigu við þessari sóun sem veldur mikilli umhverfismengun, kemur niður á velferð dýra í búskap og hækkar verð á matvælum.

Gríðarmikill laxadauði er viðvarandi vandamál í Noregi. Í fyrra sagði Per Sandberg sjávarútvegsráðherra Noregs að þetta ástand væri ólífandi og að baráttan gegn laxadauðanum væri mikilvægasta verkefnið í ráðuneyti hans. Norsk sjókvíaeldisfyrirtæki hétu bót og betrun en þegar ársskýrsla norsku dýralæknasamtakanna um fiskheilbrigði var birt í byrjun þessa árs kom í ljós að ástandið hafði ekkert breyst. Fiskidauðinn í kvíunum var jafn hrikalegur 2018 og árin þar á undan

Gríðarlegur laxadauði er líka vandamál í sjókvíaeldi við Ísland. Forstjóri Arnarlax staðfesti til dæmis í fréttaviðtali í fyrra að nánast allir eldislaxar hafi drapst í einni kví þar sem þeir þöldu ekki flutning í aðra kví eftir að skemmdir urðu á kvinni sem þeir voru geymdir í. Dráput þar á stuttum tíma 200 þúsund fiskar. Sjávarkuldí og vetrarsár hjuggu þar að auki stór önnur skórð í eldisstofninn rétt eins og gæðist líka hjá Fiskeldi Austfjarða í fyrra. Þar dráput tug þúsundir fiska sem þurfti að bræða eða urða á landi.

Þetta er sorgleg sóun og ömurleg meðferð á eldisdýrum.

Árið 2008 gaf Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) út tilmæli um almennar kröfur varðandi velferð eldisfiska og flutning og slátrun eldisfisks (e. Aquatic Code). Þá hefur Evrópuráðið lagt aukna áherslu á velferð eldisfisks. Ísland innleiddi árið 2013 ESB reglugerð um vernd dýra við aflifun 2013 sem á við um eldisfisk.

Kröfurnar um meðferð fiska eru skýrar og skal þeim hlíft við sársauka sem hægt er að komast hjá.

Rík ástæða er til að huga rækilega að dýravelferð í laxeldi. Það er óviðunandi að fyrirtæki búi svo að skepnum sínum að gert sé ráð fyrir að 20 prósent þeirra lífi ekki ræktunina af, eins og komið hefur fram að gert er í rekstraráætlunum sjókvíaeldisfyrirtækjanna.

Mjög mikilvægt er að breytingar á lögum um fiskeldi taki á þessum þætti.

Fyrir hönd Vakandi,

Rakel

Rakel Gardarsdóttir
+354 8607062